

Fundargerð ársfundar AkureyrarAkademíunnar, miðvikudag 15. maí 2024, kl. 19:30 í fundarherbergi AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Arna Dögg Arnardóttir, Bryndís Fjóra Pétursdóttir, Gunnar Árnason, Jón Örn Pálsson, Margrét Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Þórhallur S. Bjarnason, Þróstur Ásmundsson.

Dagskrá

1. *Skýrsla stjórnar:* Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður.
2. *Endurskoðun reikninga:* Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, kynnir ársreikning.
3. *Upptalning fulltrúa:* Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, les upp fulltrúa.
4. *Kjör formanns og fulltrúaráðs.* Ársfundur kýs sjö manna fulltrúaráð. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði. Formaður er kosinn sérstaklega. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Þau sem hafa boðið sig fram í fulltrúaráð eru:
 - a) Sigurgeir Guðjónsson, formaður
 - b) Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
 - c) Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari
 - d) Bryndís Fjóra Pétursdóttir, fulltrúaráð
 - e) Gunnar Árnason, fulltrúaráð
 - f) Jón Örn Pálsson, fulltrúaráð
 - g) Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúaráð
5. *Fjárhagsáætlun og árgjald.*
 - a. Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, leggur fram rekstraráætlun fyrir árið 2024.
 - b. Árgjald er nú 2.000 kr. Stjórn leggur til óbreytt árgjald.
6. *Breytingar á skipulagsskrá.* Stjórn leggur ekki til breytingar á skipulagsskrá.
7. *Önnur mál.*
 - a. Kynning á niðurstöðum viðhorfskönnunar AkAk 2024 um aðstöðu og þjónustu.
 - b. Vísindastyrkir AkAk.
 - c. Gagnagrunnur um verkefni og viðburði.
 - d. Framkvæmdir í Sunnuhlíð.
 - e. Félagsstarf, vorferð o.fl.
8. Fundi slitið.

Sigurgeir Guðjónsson, formaður stjórnar, setti ársfundinn og bauð fulltrúa velkomna.

Brýndís Fjóra Pétursdóttir bauð sig fram sem fundarstjóra og Sara Stefánsdóttir sem ritari og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar.

Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsárið 2023-2024. Athygli var vakin á nokkrum atriðum í skýrslunni sem verða tekin fyrir undir öðrum liðum fundarins.

- Fasteignalán sem var tekið til að kaupa húsnæði AkAk í Sunnuhlíð 12 stóð upphaflega í rúmum 20 m. kr. er nú rúmlega 18 m. kr. og hafa vaxtaskilyrði verið erfið.
- Vísindastyrkir AkAk sem stjórn hefur unnið að er nýmæli sem lagt verður fyrir fundinn til formlegrar staðfestingar. Þetta er nýtt skref sem AkAk er að stíga.
- Öll vinnuborð (12) hafa verið nær fullnýtt þetta ár. Alls hafa 27 einstaklingar verið með vinnupláss hjá AkAk þannig að það er mikil hreyfing á þeim sem hafa verið með vinnuaðstöðu á starfsárinu sem gæti verið merki um að fólk viti af starfsemi AkAk og aðstöðu sem er boðið upp á.
- Innanhúsfólk er hvatt til að taka þátt í tiltektardeginum 30. maí en þá verður lagað til í húsnæði AkAk eftir veturinn.
- Samningar við Akureyrarbæ um endurnýjun samstarfs um endurgjaldslausu vinnuaðstöðu fyrir tvo frumkvöðla er í gangi.
- Samningur við HA var endurnýjaður 30. október 2023.
- Fundur var í dag með ReykjavíkúAkademíunni um endurnýjun samstarfssamnings og eru umræður í góðum farvegi.
- Fyrirlestrum fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna verður fjölgað í átta á þessu ári vegna styrkja sem fengust bæði frá Norðurorku og Menningar- og viðurkenningasjóði KEA.
- Málþing um umhverfismál „Á brún hengiflugsins“ sem haldið var í nóvember 2023 tókst mjög vel og margt ungt fólk sem tók þátt. Málþing sem haldið var í byrjun maí í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldis á Íslandi var mjög vel skipulagt.

2. Endurskoðun reikninga.

Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, kynnti ársreikning.

Rekstur:

- Heildartekjur AkureyrarAkademíunnar á árinu 2023 voru 14.2 m.kr. miðað við 18.1 m.kr. á árinu 2022 en þá keypti Reginn hlut AkAk í sameign og lóð í Sunnuhlíð 12, Akureyri, fyrir 4,7 m.kr.
- Rekstrargjöld árið 2023 voru 11.6 m.kr. en 12.4 m.kr. á árinu 2022.
- Rekstrarhagnaður árið 2023 er 2.5 m.kr en 5.7 m.kr árið 2022 og munar þar mestu um kaup Regins á hlut AkAk í sameign og lóð.
- Rekstrarafkoma ársins 2023 er jákvæð um 731.413 kr. Þegar búið er að taka tillit til vaxtagjalda af fasteignaláninu sem var tekið til að kaupa húsnæði AkAk í Sunnuhlíð 12, Akureyri, en á árinu 2022 var rekstrarafkoman jákvæð um 4.3 m.kr.

Eignir:

- Fastafjármunir AkureyrarAkademíunnar eru rúmar 24 m.kr. og veltufjármunir eru rúmar 10 m.kr. Heildareignir AkAk eru rúmar 35 m.kr. og er það fé fyrst og fremst bundið í fasteigninni sjálfri í Sunnuhlíð 12, Akureyri.

Laun og launatengd gjöld:

Þessi liður er örlítið lægri á árinu 2023 miðað við árið 2022 vegna lækkunar á mótframlagi AkAk í lífeyrissjóð vegna starfs framkvæmdastjóra.

Sundurliðun ársreiknings:

- Tekjur vegna útleigu á vinnuplássum eru hærri á árinu 2023 miðað við árið 2022, 3,4 m.kr. á móti 2,6 m.kr.
- Verkefnakostnaður árið 2023: Fjórir fyrirlestrar voru haldnir á hjúkrunarheimilunum ásamt tveimur bakarís-fyrirlesturum. Auglýsingar hafa hækkað umtalsvert og eru þær nokkur hluti af verkefnakostnaði AkAk vegna viðburða á árinu.
- Rekstur sameignar á árinu 2023 var kr. 583.584 sem er hlutur AkAk í hússjóði Sunnuhlíðar.
- Viðhaldskostnaður á árinu var vegna viðgerða á ljósum og nettengingu í húsnæði AkAk og undir gjaldfærð áhöld og tæki eru kaup á prentara og uppsetningu á honum. Rafhækkunleg vinnuborð sem keypt voru á árinu 2023 eru eignafærð sem skrifstofubúnaður og áhöld.
- Annar rekstrarkostnaður á árinu 2023 var 2,3 m.kr., þar af eru auglýsingar á vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla kr. 114.773. Akureyrarbær greiðir helming kostnaðar sem fellur til vegna þeirra auglýsinga. Ferða- og fundarkostnaður var umtalsvert meiri árið 2023 en árið 2022 sem skýrist af tveimur ferðum félaga AkAk, annars vegar til Laugarbakka í Miðfirði þar sem fundað var með félögum í Reykjavíkur Akadémíunni og hins vegar vegna ferðar til Seyðisfjarðar en þar var gist eina nótt.
- Ýmis annar kostnaður á árinu 2023 var kr. 407.260 og er m.a. vegna kaupa á gjöfum, viðhorfskönnunar, veitinga á tiltekta degi, jólakorta og jólakveðju, áskriftar á Kompás og tveggja styrkja sem voru veittir, annars vegar vegna ráðstefnunnar Huldustígur og hins vegar vegna fræðapings ReykjavíkurAkadémíunnar.

Lagt var til að styrkir verði tilgreindir sérstaklega í lið undir rekstrartekjum en ekki hafður undir „aðrar rekstrartekjur“. Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Upptalning fulltrúa.

Framkvæmdastjóri, las upp fulltrúa. Samtals 43 fulltrúar lesnir upp. Nýtt starfsár hefst með ársfundinum í dag og má búast við að fulltrúum fjölgi.

4. Kjör formanns og fulltrúaráðs.

Samkvæmt skipulagsskrá AkureyrarAkadémíunnar kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði og er formaður kosinn sérstaklega.

Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara.

Fundarstjóri las upp nöfn þeirra sem hafa boðið sig fram til formanns og fulltrúaráðs:

- a) Sigurgeir Guðjónsson til formanns.
- b) Þórhallur S. Bjarnason til gjaldkera.
- c) Þorgerður Anna Björnsdóttir til ritara.
- d) Bryndís Fjóla Pétursdóttir í fulltrúaráð.
- e) Gunnar Árnason í fulltrúaráð.
- f) Jón Örn Pálsson í fulltrúaráð.

g) Margrét Guðmundsdóttir í fulltrúaráð.

Fulltrúar kusu formann og fulltrúaráð með lófataki. Ofantaldir fulltrúar skipa stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar á starfsárinu 2024 til 2025.

5. Fjárhagsáætlun og árgjald.

- a) Framkvæmdastjóri, lagði fram rekstraráætlun AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2024 sem var skilað til ráðuneytis í janúar 2024. Bent var á að ekki var vitað um upphæðina á fjárframlagi ríkisins til AkAk fyrir árið 2024 þegar áætlun var skilað og því var farin sú leið að miða við sömu upphæð í áætlun og var fyrir árið 2023. Þegar vitað er um hvert framlags ríkisins verður á árinu 2024 mun áætlun verða uppfærð og send til ráðuneytis. Framkvæmdastjóri benti einnig á að í rekstraráætlun eru einnig upplýsingar um rekstrarstöðu AkAk miðað við 10. maí 2024. Það eru því aðeins rúmir fjórir mánuðir á bak við tölur þegar staðan þann 10. maí er borin saman við áætlun ársins. Þann 10. maí voru rekstrartekjur orðnar 43% af áætlun ársins og rekstrargjöld 33% af áætlun. Auglýsingakostnaður hefur hækkað umtalsvert og er nú þegar kominn yfir áætlun. Athyglin var einnig vakin á því að kostnaður vegna málþings um lýðveldið eigi eftir að hækka þar sem allur kostnaður sé ekki kominn inn.
- b) Árgjald er nú 2.000 kr. Stjórn lagði til óbreytt árgjald. Óbreytt árgjald var samþykkt samhljóða.

6. Breytingar á skipulagsskrá.

Stjórn lagði ekki til breytingar á skipulagsskrá. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar samhljóða.

7. Önnur mál.

a) Kynning á niðurstöðum viðhorfskönnunar AkAk 2024 um aðstöðu og þjónustu.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður. Það eru fleiri sem taka þátt í ár en áður og er þetta í þriðja skiptið sem þessi könnun er lögð fyrir og er niðurstaða mjög sambærileg niðurstöðum fyrri ára. Könnunin kemur vel út eins og áður. Varðandi aðbúnað kemur fram að innanhúsfólki finnst aðgengi að skrifstofuvörum, töflu og tússi ekki vera mikilvægt eða lítið mikilvægt en flest annað sem spurt er um sem snertir aðbúnað er talið mjög mikilvægt eða mikilvægt.

b) Vísindastyrkir AkAk.

Formaður kynnti tillögu stjórnar AkAk um vísindastyrki um að stjórn AkAk sé heimilt að taka ákvörðun um þá fjármuni sem ætlaðir eru til styrkveitinga til innanhúsfólks AkAk í tengslum við gerð árlegrar rekstraráætlunar stofnunarinnar. Sérstakur liður í verkefnakostnaði í rekstraráætlun verði skilgreindur sem Vísindastyrkir og fjármunir til þeirra. Í rekstraráætlun 2024 eru kr. 200 þúsund skilgreindar sem vísindastyrkir. Farið var yfir þau skilyrði sem sett eru um úthlutun styrkja. Sérstök úthlutunarnefnd mun taka við umsóknum og afgreiða og er gert ráð fyrir að styrkreglur taki gildi 1. september 2024. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um vísindastyrki.

c) Gagnagrunnur um verkefni og viðburði.

Framkvæmdastjóri rifjaði upp að haustið 2021 kom út skýrsla í tilefni af 15 ára afmæli AkAk sem Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, tók saman. Í skýrslunni er annars vegar yfirlit yfir verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk á þessum 15 árum og hins vegar yfir viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir á sama tíma. Hér er um að ræða mikilvægar upplýsingar sem sýna fram á starf og mikilvægi AkAk. Þessum skráum var komið fyrir í gagnagrunni á vefsíðu AkAk sem hægt er að fletta upp í með leitarorðum. Framkvæmdastjóri hefur nú tekið saman nýjar upplýsingar um verkefni og viðburði frá því að skýrslan kom út og til ársloka

2023 sem verðar færðar inn í gagnagrunninn. Svo virðist sem hópurinn sem hefur verið með vinnuástöðu hjá AkAk eftir að skýrslan kom út sé fjölbreyttari en áður þótt taka verði þessum tölum með fyrirvara þar sem erfitt er að bera saman 14,5 ár vs. 2,5 ár. Mikilvægt er að framvegis verði á hverju ári teknar saman nýjar upplýsingar um verkefni og viðburði og komið fyrir í gagnagrunninum.

d) Framkvæmdir í Sunnuhlíð.

Gjaldkeri fór yfir framkvæmdir sem standa yfir í Sunnuhlíð. Heilsugæslan er á allri efri hæðinni og í kjallara er áætlað að koma fyrir heilsutengdri starfsemi. Eftir er að gera dyr úr eldhúsinu í húsnæði AkAk út á pall sem eftir er að smíða og hefur fasteignafélagið Reginn sem á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð samþykkt að sjá um að fá verktaka í þessar framkvæmdir og að greiða þær. Vegna breytinganna í eldhúsi AkAk þarf að setja þar nýja glugga sem AkAk þarf væntanlega að standa straum af að einhverju leyti. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri þurfa að ganga á eftir þessum framkvæmdum gagnvart Reginn. Ekki er búið að ganga frá nýjum eignaskiptasamningi eigenda húsnæðis í Sunnuhlíð eftir að heilsugæslan flutti í húsnæðið á annarri hæðinni. Endanlegur útreikningur liggur fyrir en það á eftir að ganga formlega frá ýmsum málum gagnvart öllum smærri eigendum í Sunnuhlíð svo að hægt sé að samþykkja nýjan eignaskiptasamning.

e) Félagsstarf, vorferð o.fl.

Formaður ítrekaði mikilvægi félagsstarfsins, eins og vorferðar innanhúsfólks og jólaboðs. Hvatti hann til að innanhússfólk sækti viðburði sem AkAk stendur fyrir á Akureyri. Vorferðin verður farin laugardaginn 8. júní eftir hádegi og verður farið á sameiginlegum bíl sem AkAk útvegar. Keyrt verður að Goðafossi og þar verður viðburðurinn *Hátíð drekans* sem Bryndís Fjóra og Þorgerður Anna, félagar í innanhúshópi AkAk, ætla að bjóða upp á í samstarfi við ýmsa aðila. Eftir viðburðinn verður farið að Kiðagili í Bárðardal og borðað og því næst keyrt heim. Allir félagar AkAk eru velkomnir og mun framkvæmdastjóri senda þeim póst um ferðina. Tiltektardagurinn verður 30. maí frá 13:00 til 15:00 og verður boðið upp á léttar veitingar eftir tiltektina.

8. Ekki var fleira rætt og var ársfundi slitið kl. 21:30.

Sara Stefánsdóttir ritaði fundargerð.